

— Já, hvort nokkur getur orðið kristinn, ef hann ekki er veikur, veikur til síðasta dauðadægurs. Samanlega segi eg yður, góð heilsa er synd; því meðan þér eruð hraustir, lifið þér í fýsni holdsins og fýsni augnanna; þegar þér eruð sjúkir, sjúkir alt til dauðans, þá brotnar broddur fýsnanna. — Þess vegna er að þér hamingjusöni, þér gamalmenni, hvers höfd breunir dag frá degi smámsaman utar af yðar heimur. Fleygið yður fram á ásjónur yðar og þakkið drotni fyrir eymsl yðar og volæði. Biðjið hann af einlægju hjarta að slá yður kylum eins og Job og sárnum eins og Lazarus. Gleðjist, ef hundar vildu sjeikja kýli yðar og sár. — Ef sjúklingar eru heima hjá yður, þá flýtið yður heim til þeirra. Annist þá! Heiðrið þá, því drottinn hefir blessað þá. Biðjið drottinn að flytja þeirra sótt yfir á yður. Dragið að yður hinn eitraða an'ardrátt þeirra, svo að þér einnig verðið krankir, þá fyrst réttir drottinn hönd sína út á móti yður. Þýr til smýrsi af hráka sínum og

sandi jarðarinnar, ryður smýrslium á yður og læknar yður. — Þér skulað, þér verðið að vera veikir, eins og eg. Eg hræki blóði daglega og lofa drottinn fyrir það. Síðan eg sýktist, finn eg náð, náð drottins verka í mér. — Bölvadur er sérhver yðar, sem ekki krýpur frammi fyrir yðar veikur eiginkonu eða barni sem þeim, er fingur drottins vors og guðs hefir áhrært. —

Alt í einu heyrðist skelfingar-óp. — Þarna hefi eg hæft einn; ó, að drottinn vilði einnig hæfa hann.

— Hvað er að, Pédur? hvíslaðí Krúsberg. Ertu orðinn lasinn?

— Lofaðu mér út, lofaðu mér út! stamaði Pétur.

— Ekki dugir það.

— Jú, jú, . . . sakir okkar gamla kunningsskapar.

— Jæja, þú ert nú svo hraustur, en mér er sama, því eg er aldrei nokkra stund frí við ólukku magaveikina.

Níður og í næsta blaði.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar einn dollar um árið. Borgist fyrirframt.

ETGJEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa bladsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.